

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal 783 — 578. mál.
1. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 100/2007 (eingreiðsla).

Frá Ingu Sæland.

Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þeir einstaklingar sem eiga rétt á greiðslu ellilífeyris skv. 17. gr. á árinu 2023 og hafa óskertan ellilífeyri almannatrygginga skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 66.381 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem skal innt af hendi eigi síðar en 31. desember 2023, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.

Greinargerð.

Lagt er til að tryggja þeim ellilífeyrisþegum sem fá á árinu 2023 óskertan ellilífeyri almannatrygginga sambærilega eingreiðslu og mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins til öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega. Um er að ræða tekjulægsta hóp ellilífeyrisþega sem hafa svo lágar lífeyristekjur að þær leiða ekki til skerðingar á ellilífeyri þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins nær tillagan til 2.135 manns, þar af 1.007 manns sem fá nú ellilífeyri í stað örorkulífeyris.